

# Stofnskrá Sögufélagsins Steina

## 1. grein

Félagið heitir Sögufélagið Steini, skammstafað SfS. Félagssvæðið er á Kjalarnesi, á milli Kiðafellsár og Leirvogssár, innan borgarmarka Reykjavíkur. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

## 2. grein

Tilgangur félagsins er: Að safna saman upplýsingum um örnefni, þjóðlegan fróðleik, fornminjar og sögu Kjalarness frá öndverðu og gera þær aðgengilegar. Starfsemi félagsins byggir á sjálfbærliðsstarfi félaga, en sérstök verkefni eru fjármögnuð með styrkjum og/ eða annarri fjáröflun.

## 3. grein

Allir sem áhuga hafa á sögu Kjalarness geta gerst félagar. Kjörgengi hafa allir 18 ára og eldri. Heiðursfélagar: Heimilt er að kjósa heiðursfélaga SfS á aðalfundi samkvæmt tillögu stjórnar.

## 4. grein

Stjórn SfS skal kosin til eins árs í senn og fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn skal skipuð sjö stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og þremur meðstjórnendum. Formaður skal kosinn og að því loknu fer fram kosning stjórnar sem skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum. Einnig skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín.

## 5. grein

Formaður boðar stjórnarfundum og stýrir þeim. Skyld er að halda stjórnarfundum ef fjórir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er lögmaður ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.

## 6. grein

Málefnum félagsins er stjórnað af:

- a) Aðalfundi
- b) Stjórn félagsins.

## 7. grein

Aðalfundur skal halda, ár hvert, fyrir marslok. Aðalfundur skal boðaður með tryggum hætti með sjö daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt

hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefni fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

### **8. grein**

Stjórnin skal boða til almenns fundar ef ákveðnar óskir koma fram þar að lútandi. Fundurinn skal auglýstur og boðaður eins og um aðalfund væri að ræða.

### **9. grein**

Stjórn er heimilt að stofna nefndir á hverjum tíma eftir því sem þörf krefur. Nefndir félagsins skulu hafa fullt samráð við stjórnina um mál er varða félagið og halda gerðabók um störf sín.

### **10. grein**

Ef leggja á félagið niður getur það einungis gerst á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Eignir félagsins skulu þá renna til Íbúasamtaka Kjalarness til varðveislu, að undanskildu keltneska útialtarinu sem skal renna til sóknar Brautarholtskirkju, til varðveislu.

Stofnskrá samkvæmt lagabreytingum 19. mars 2022